

Fundargerð ræktunarstjórnar 5 janúar 2016

Mættir eru: Heiðar J. Sveinsson, Þórhallur Atlason, Arnar Tryggvason, Sigrún Guðlaugardóttir og Þórgunnur Pétursdóttir.

- 1) Fundur settur og farið yfir síðustu fundargerð.
- 2) Búið að ganga frá fyrir Kaj og hinir í vinnslu.
- 3) Ákveðið að hafa heiðrun stigahæstu hunda 23 janúar í Síðumúlanum.
- 4) Ákveðið að hafa samband við formenn nefnda til að fá dagskrá til að setja inná viðburðardagatal. Eins að fá þá til að kanna vilja nefndarmanna til áframhaldandi setu í nefnd og finna nýja ef þarf.
- 5) Lagt til að halda ársfund 10. Mars, kom svo í ljós að 3 mars hentaði betur.
- 6) Kom fram tillaga að taka viðtöl við íslenska dómara sem fara erlendis að dæma, fá þau svo birt í Sámi.
- 7) Veiðiprófsreglur: Farið yfir þær. Rætt um að hafa byrjendaflott og opinn flokk opinn, þ.e. að skylda ekki fólk til að fara upp um flokk. Heiðar skoðar reglur á norðurlöndum. Mjög skilmerkilegar reglur hugsanlega ættum við að íhuga að láta þýða þær og hafa til hliðsjónar hjá okkur. Gerðum tillögur að breytingum á reglum. Sendum til yfirlestrar og kynnum fyrir dómurum. Leggjum svo fyrir aðalfund.
- 8) Önnur mál:
 - a. Fuglahundadeild bauð til samstarfs með opið hús á laugardögum, stjórn sammála um að taka jákvætt í en þó ekki meira en einn fund á mánuði, ákveðið að efna til laugardaghittings ef hægt er í Sólheimakoti fyrir Retrieverfólk.
 - b. Ákveðið að skoða stöðu PRA bera í ræktun síðan síðast var ákveðið að endurskoða eftir 5 ár.

F.h. Ræktunarstjórnar,

Heiðar Sveinsson.